

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Vopnafjarðarhrepps vegna veiðihúss í landi Einarsstaða.

Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnun staðfesti 21. apríl 2026 breytingu á aðalskipulagi Vopnafjarðarhrepps 2006-2026 sem samþykkt var í sveitarstjórn 11. febrúar 2026.

Í breytingunni felst nýtt 10,6 ha verslunar- og þjónustusvæði VP5 þar sem fyrirhuguð er uppbygging veiðihúss með veitinga- og gistiþjónustu fyrir allt að 25 manns. Hámarksbyggingarmagn er 1.300 m<sup>2</sup>.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

*Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnun, 21. apríl 2026.*

**Guðrún Lára Sveinsdóttir.**

---

B deild - Útgáfudagur: 8. maí 2026